

Sp.

**194. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþykkt við eina umr. í Ed.).

1. gr.

Þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins, skal greiða aðflutningsgjald sem hér segir:

- |  |  |
|--|--|
| 1. Af alls konar öli . . . . .   | kr. 0,10 af hverjum potti.               |
| 2. Af alls konar brennivíni, rommi, kognaki, whisky, arraki og sams konar drykkjarföngum með 8 <sup>o</sup> styrkleika eða minna . . . . .                                       | — 1,00 — — —                             |
| yfir 8 <sup>o</sup> og alt að 12 <sup>o</sup> styrkleika . . . . .   | — 1,50 — — —                             |
| yfir 12 <sup>o</sup> og alt að 16 <sup>o</sup> styrkleika . . . . .  | — 2,00 — — —                             |
| Af 16 <sup>o</sup> vinanda, sem aðfluttur er til eldsneytis eða iðnaðar, og gerður er óhæfur til drykkjar undir umsjón yfirvalds, skal ekkert gjald greiða.                      |  |
| 3. Af rauðvíni og sams konar borðvínnum hvítum (eigi freyðandi) svo og af messuvíni . . . . .  | — 0,50 — — —                             |
| 4. Af öllum öðrum vínföngum, þar með töldum bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, svo og af súrum berjasafa (súrsaft) . . . . .                           | — 1,00 — — —                             |
| 5. Af bitter-vökva (bitteressents, elixír og þvl.) . . . . .   | — 1,00 — — —                             |
| eða minni ílátum. Eftir sama hlutfalli skal greiða toll, sé varan aðflutt í stærri ílátum.   |  |
| Séu vörutegundir þær, sem taldar eru í töluliðunum 2, 3 og 4, fluttar í ílátum, sem rúma minna en pott, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri ílátum. |  |
| 6. Af tóbaki alls konar, reyktóbaki, munntóbaki, neftóbaki og ónunu tóbaki . . . . .   | kr. 1,00 af hverju pundi.                |
| 7. Af tóbaksvindlum og vindlingum (cigaretum) . . . . .  | — 2,60 — — —                             |
| Vindlingar tollast að meðtöldum pappírnum og öskjum eða dósum, sem þær seljast í.  |  |
| Tóbaksblöð, sem aðflutt eru undir umsjón yfirvalda, og notuð eru eingöngu til fjárböðunar, eru undanþegin aðflutningsgjaldi.   |  |
| 8. Af óbrendu kaffi og kaffibæti alls konar . . . . .  | 13 aura af hverju pundi.                 |
| 9. Af alls konar brendu kaffi . . . . .  | 18 — — —                                 |
| 10. Af sykri og sirópi . . . . .   | 6 <sup>1</sup> / <sub>2</sub> eyri — — — |
| 11. Af tegrasi . . . . .   | 50 aura — — —                            |
| 12. Af súkkulaði . . . . .   | 25 — — —                                 |
| 13. Af kakaódufti . . . . .  | 13 — — —                                 |
| 14. Af öllum brjóstsýkurs- og konfekt-tegundum . . . . .   | 40 — — —                                 |

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feld 1. gr. 1—14 í toll-lögum fyrir Ísland frá 8. nóv. 1901 og 1. gr. í lögum 31. júlí 1907 um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun millipinganeftdar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Af þeim ofangreindum vörum, sem aðflutningsgjald er hækkað á, eða nýtt gjald á lagt og flytjast til landsins frá 12. marz 1909 þar til lögin öðlast gildi, skal greiða aukagjald, er nemi hækkuninni eða tollgjaldinu.